


# KOSTNAÐARÁHRIF AF TILLÖGUM STARFSHÓPS UM ENDURSKOÐUN ALMANNATRYGGINGALAGA OG EINFÖLDUN BÓTAKERFIS



TALNAKÖNNUN HF.  
FYRIR VELFERÐARRÁÐUNEYTIÐ  
NÓV. 2012

## Efnisyfirlit

Inngangur .....	3
Niðurstaða starfshópsins .....	4
Aðferðafræði .....	5
Útreikningar .....	8
Skattamál og fleira .....	11
Niðurstöður .....	13

## Mynda- og töflulisti

<b>Mynd 1: Nálgun við tekjudreifingu úr lífeyrissjóðum með Poisson líkindadreifingu.....</b>	<b>5</b>
<b>Mynd 2: Þróun mannfjölda á ellilífeyrisaldri 2012-48 .....</b>	<b>6</b>
<b>Mynd 3: Þróun lífeyrisréttinda einstaklinga eftir aldri frá 60 niður í 30 ár .....</b>	<b>7</b>
<b>Mynd 4: Línuleg nálgun við réttindaferil úr lífeyrissjóðum .....</b>	<b>7</b>
<b>Mynd 5: Þróun mismunandi tillagna um fyrirkomulag lífeyris .....</b>	<b>9</b>
<b>Mynd 6: Samanburður á áætluðum hækkunum skv. mismunandi tillögum 2013-49.....</b>	<b>10</b>
<b>Mynd 7: Áætlaður kostnaðarauki skv. mismunandi tillögum 2013-2049 .....</b>	<b>10</b>
<b>Mynd 8: Samanburður á tillögum starfshóps og þegar áformuðum breytingum .....</b>	<b>11</b>
<b>Mynd 9: Hlutfall ellilífeyrisþega af vinnandi 2012-2049 .....</b>	<b>12</b>
<b>Mynd 10: Aukning VLF borin saman við kostnaðaraukn. af tillögum starfshópsins.....</b>	<b>12</b>
<b>Mynd 11: Kostnaðaraukning skv. tillögu, þróun VLF og fjölgun vinnandi Íslendinga.....</b>	<b>13</b>
<b>Mynd 12: Hlutfall ellilífeyris TR af VLF 2012-2049.....</b>	<b>14</b>
<b>Tafla 1: Hækkun útgjalda TR til ellilífeyris næstu ár .....</b>	<b>14</b>

## Inngangur

Sumarið 2012 óskaði Ágúst Þór Sigurðsson, staðgengill skrifstofustjóra velferðarráðuneytisins, fyrir hönd starfshóps um endurskoðun almannatryggingalaga, þess að Talnakönnun skoðaði hver væru langtímaáhrif hugmynda starfshóps um nýtt kerfi almannatrygginga um ellilífeyri hefði á greiðslustreymi frá Tryggingastofnun ríkisins (TR). Taka skyldi tillit til samspils lífeyrisgreiðslna frá lífeyrissjóðum og lífeyrisgreiðslna frá Tryggingastofnun ríkisins þar sem horft er bæði á fjölgun eftirlaunaþega og aukinn rétt þeirra í lífeyrissjóðum. Verkið er unnið fyrir velferðarráðuneytið.

Almennt fara greiðslur úr almennu lífeyrissjóðunum til ellilífeyris talsvert hækkandi ár frá ári. Ýmsar skýringar eru á því. Í fyrsta lagi er nú langstærstur hluti lífeyrisþega með rétt úr lífeyrissjóðakerfinu sem komið var á árið 1970. Á tímabilinu hafa ýmsir áfangar orðið til þess að styrkja stöðu lífeyrisþega. Margir fengu lítilsháttar réttindi á fyrstu árunum því að skerða varð rétt í mörgum lífeyrissjóðum vegna óðaverðbólgu áður en verðtrygging kom til árið 1979. Um 1990 var farið að borga í lífeyrissjóð af öllum launum í stað þess að áður var aðeins greitt af dagvinnulaunum. Það er því rökrétt að réttindin haldi áfram að aukast fram á áratuginn milli 2030 og 2040 þegar allt fólk verður búið að greiða í lífeyrissjóð af öllum launum frá upphafi starfsferils síns.

Tillögur starfshópsins ganga út á það að sameina bótaflokkka og draga úr skerðingum vegna lífeyristekna, en þær hafa verið mjög miklar undanfarin ár. Þó að lífeyrisréttindi séu mismikil meðal launþega jafnast tekjubilið mjög þegar tekið er tillit til greiðslna frá Tryggingastofnun ríkisins. Þær stuðla nú að því að allir ná ákveðu lágmarki ráðstöfunartekna. Greiðslurnar frá TR eru skertar eftir því sem meira er greitt úr lífeyrissjóðum.

Þegar horft er á heildarmyndina þarf einnig að huga að skattgreiðslum sem minnka tekjumuninn, því að þeir sem meiri tekjur fá eru jafnframt meiri tekjustofn fyrir ríkið. Þannig verða skatttekjur ríkisins þeim mun meiri sem bæturnar eru meiri.

Við verkið er stuðst við upplýsingar um réttindi frá nokkrum stórum lífeyrissjóðum, mannfjöldaspá Hagstofu Íslands (meðalspá) upplýsingum frá Tryggingastofnun og Ríkisskattstjóra.

Af hálfu Talnakönnunar hafði Benedikt Jóhannesson Ph. D. umsjón með verkinu, en auk hans vann Vigfús Ásgeirsson tryggingastærðfræðingur að gagnaöflun. Af hálfu velferðarráðuneytisins komu Ágúst Þór Sigurðsson og Sigurður M. Grétarsson, starfsmaður starfshópsins, að málinu.

Reykjavík 5. nóv. 2012,



Benedikt Jóhannesson

## Niðurstaða starfshópsins

Áður en lengra er haldið er rétt að vitna í skýrslu starfshópsins til þess að gera grein fyrir þeim tillögum sem til grundvallar útreikningunum liggja:

„Í erindisbréfi starfshópsins er honum falið að endurskoða almannatryggingakerfið með það að markmiði að gera það einfaldara og réttlátara og koma í veg fyrir víxlverkanir. Núverandi bótakerfi ellilífeyrisþega stendur saman af fjórum bótaflokkum sem hver um sig er með mismunandi skerðingarhlutföll gagnvart tekjum og mishá frítekjumörk. Réttindin sem bótaflokkarnir mynda eru afar ógagnsæ og einungis á færi sérfræðinga að skilja þau til fulls. Einföldun og aukið gagnsæi felst því í fækkun bótaflokka og skerðingarhlutfalla gagnvart tekjum. Mesta einföldunin og gagnsæið næst með því að sameina alla bótaflokka í einn, hafa eitt skerðingarhlutfall gagnvart tekjum og ekkert frítekjumark. Starfshópurinn gerir tillögu um að sú leið verði farin og hún komi til framkvæmda í áföngum á nokkrum árum með tilteknum sólarlagsákvæðum fyrir réttindi skv. eldra bótakerfi í ákveðnum tilvikum.

Bótaflokkurinn framfærsluuppbot, að hámarki 36.323 kr. á mánuði fyrir einstakling sem býr einn, skerðist krónu fyrir krónu gagnvart öllum tekjum. Svo hátt skerðingarhlutfall hefur í för með sér óæskileg áhrif, sérstaklega gagnvart greiðslum úr lífeyrissjóðum og veldur því að lífeyrisþegar sjá lítinn sem engan ávinning af þeim réttindum sem þeir hafa áunnið sér með áratuga greiðslu iðgjalda í lífeyrissjóði. Bótaflokkurinn, að viðbættum tekjuskerðingum annarra bótaflokka, vegur þannig að stoðum lífeyrissjóðakerfisins. Eins og nú háttar til hefur einhleypur ellilífeyrisþegi engan ávinning af greiðslu 73.000 kr. á mánuði úr lífeyrissjóði og fái hann 100.000 kr. greiðslu heldur hann einungis 11.000 kr. eftir. Af þessum ástæðum telur starfshópurinn brýnt að framfærsluuppbotin sameinist nýjum bótaflokki ellilífeyris, en vegna mikils kostnaðar fyrir ríkissjóð verði það gert í áföngum.

Starfshópurinn leggur því til eftirfarandi:


1. Í fyrsta áfanga verði bótaflokkarnir ellilífeyrir, tekjutrygging og heimilisuppbot sameinaðir í einn; ellilífeyrir. Fjárhæð ellilífeyris verði 155.000 kr. á mánuði miðað við gildandi bótafjárhæðir og 45% tekna lífeyrisþega hafi áhrif á fjárhæð hans.
2. Nú er ellilífeyrisþegum sem búa einir tryggðar að lágmarki 203.000 kr. á mánuði og þeim sem búa með öðrum 175.000 kr. á mánuði með framfærsluuppbotinni. Í fyrsta áfanga mun skerðing framfærsluuppbotar vegna tekna lækka úr 100% í 80%. Skerðingarhlutfallið verði síðan lækkað í áföngum uns 45% markinu verði náð og þá standi einn bótaflokkur eftir; ellilífeyrir.
3. Samkvæmt framansögðu munu fyrstu breytingarnar taki gildi 1. janúar 2013. Starfshópurinn gerir þá tillögu að skerðing vegna tekna við útreikning framfærsluuppbotar lækki í 70% 1. janúar 2014, í 60% 1. janúar 2015, í 50% 1. janúar 2016 og sameinist ellilífeyri 1. janúar 2017.
4. Með þessari sameiningu munu allar tegundir tekna hafa sömu áhrif á útreikning ellilífeyris almannatrygginga og engin frítekjumörk verða í gildi. Sú regla verður þó óbreytt fyrst um sinn að séreignarsparnaður hefur ekki áhrif á útreikning ellilífeyris en stefnt er að því að viðbótarlífeyrissparnaður verði gerður jafnsettur öðrum sparnaði þannig að stofn til skerðingar bóta verði aðeins fjármagnstekjur af sparnaðinum, ekki úttekt hans.“

## Aðferðafræði

Í fyrstu var skoðuð raunveruleg dreifing allra greiðslna til ellilífeyrisþega hjá TR vorið 2012. Greiðsludreifingin er mjög misjöfn eftir aldri því að sumir hafa sáralítill réttindi meðan aðrir hafa greitt alla sína tíð í lífeyrissjóð og fá há eftirlaun. Til þess að búa til stærðfræðilegt líkan um þessi réttindi varð að máta nokkrar líkindadreifingar við hópinn. Þetta er nauðsynlegt til þess að hægt væri að reikna hver réttindin væru hjá Tryggingastofnun.

Oft er miðað við að tekjur fylgi lognormal-dreifingu og það gildir á almennum vinnumarkaði. Hins vegar reyndist hún ekki passa vel við dreifingu greiðslna úr lífeyrissjóðum. Var þá gripið til þess ráðs að flokka tekjurnar í ákveðin bil og finna líkindadreifingu sem passaði vel að þeirri flokkun. Reynd var bæði tvíliðadreifing og Poisson-dreifing. Poisson-dreifingin passaði allvel (sjá mynd) og Poisson-dreifingar voru notaðar sem grunnur að tekjudreifingu úr lífeyrissjóði þar sem meðaltalið var látið hreyfast með spá um hækkandi meðallaun.


**Mynd 1: Nálgun við tekjudreifingu úr lífeyrissjóðum með Poisson líkindadreifingu**



*Græni ferillinn sýnir dreifingu lífeyrissjóðatekna allra lífeyrisþega. Fjólublái ferillinn er Poisson dreifing sem nálgun. Heimild: Gögn frá TR og útreikningar Talnakönnunar.*

Mannfjöldaspá Hagstofu Íslands 2012-2061 er gefin upp á vef stofnunarinnar og birtir stofnunin þrjár spár: Háspá, lágspá og miðspá. Notuð er miðspá Hagstofunnar í líkaninu og litið á hve margir eru á ellilífeyrisaldri. Þróunin er sýnd á mynd 2, en þar sést að fjöldi Íslendinga á ellilífeyrisaldri mun 2,5-faldast á næstu 36 árum.

**Mynd 2: Þróun mannfjölda á ellilífeyrisaldri 2012-48**



Árið 2012 er sett sem 100%. Heimild Hagstofa Íslands mannfjöldaspá 2012-61 (miðspá).


Ekki var til dreifing lífeyrisréttinda frá almennum lífeyrissjóðum. Því var gripið til þess ráðs að líta annars vegar á þróun lífeyrisréttinda hjá nokkrum stærstu lífeyrissjóðum á vinnumarkaðinum miðað við aldur sjóðfélaga. Byggt var á tölum frá fjórum sjóðum.

Rétt er að taka það fram að vegna þess að margir eiga réttindi í mörgum lífeyrissjóðum er ekki einfalt að draga ályktanir út frá réttindum eftir aldri í öllum sjóðum. Margir sjóðfélagar borga í einn sjóð framan af aldri og annan sjóð á seinni hluta starfsævinnar. Úr þessu hefur dregið nokkuð á síðari árum.

Einnig var stuðst við tölur frá Ríkisskattstjóra um skattuppgjör efir aldri og hjúskaparstöðu skattgreiðenda á árinu 2010. Þannig mátti hafa mið af tekjum aldurshópanna og nota það til stuðnings við greiðslulíkanið sem byggði á tölum úr lífeyrissjóðunum. Segja má að tölurnar hafi rímað ágætlega saman svo langt sem samanburðurinn náði.


Á mynd 3 sést hvernig meðaltalsréttindi aukast með lækkanði aldri lífeyrisþega frá 60 ára aldri til 35 ára. Ástæðan fyrir því að kúrfan lækkar eftir það er væntanlega sú að ákveðnir hópar koma ekki úr námi fyrr en seint og einnig er líklegt að vegna barneigna sé hlutfall kvenna í fullri vinnu á vinnumarkaði lægra en það verður síðar á ævinni. Eftir sextugt varð þróunin óljósari því að sjóðfélögum fækkaði þá, m.a. vegna þess að hlutfall örorkuþega var hátt í mörgum sjóðum.

**Mynd 3: Þróun lífeyrisréttinda einstaklinga eftir aldri frá 60 niður í 30 ár**



Lífeyriseign 60 ára sett sem 100. Athugið að aldursskalinn fer lækkandi. Græna línan er meðaltal úr fjórum lífeyrissjóðum, en mjóa línan sýnir hlaupandi meðaltal af mælingunum. Heimild: Útreikningar Talnakönnunar á gögnum frá nokkrum af stærstu lífeyrissjóðum landsins.

**Mynd 4: Línuleg nálgun við réttindaferil úr lífeyrissjóðum**



Lífeyriseign 60 ára sett sem 100. Beinu línurnar sýna um 2,8% árlega réttindaaukningu til 48 ára aldurs en um 0,8% eftir það. Heimild: Útreikningar Talnakönnunar.

Mynd 4 sýnir að réttindin aukast um 2,8% á ári frá þeim sem eru fæddir 1952 (eru nú sextugir) allt til þeirra sem eru fæddir 1964 (eru 48 ára). Þá minnkar aukningin í um 0,8% á ári eftir það allt fram til þeirra sem fæddir eru 1977 (eru 35 ára). Eðlilegt er að leita skýringa á þessum hlykk á ferlinum. Þær munu liggja í því að í kringum 1990 var farið að greiða í lífeyrissjóð af öllum launum, en áður var aðeins greitt af dagvinnu. Þetta leiddi til þess að réttindin jukust. Þeir sem fæddir eru 1964 voru þá um 26 ára og stór hluti þeirra í þann mund að koma inn á vinnumarkaðinn. Eftir það hafa ekki orðið sambærilegar breytingar á lífeyrisherfinu.

Gert er ráð fyrir að 2,8% aukningin eigi líka við um þá sem fæddir eru fyrir árið 1952 og að 0,8% aukning muni líka eiga við um þá sem fæddir eru eftir 1977.

Hlutfall þeirra sem er í sambúð á hverjum aldri er reiknað miðað við tölurnar frá Ríkisskattstjóra árið 2010 og að sambærilegt hlutfall haldist í framtíðinni. Sambúðarstaða skiptir máli bæði varðandi réttindi frá TR og eins sýna tölur Ríkisskattstjóra það glögglega að fjármunatekjur eru mismunandi eftir sambúðarstöðu. Hér er notuð sú nálgun að reikna öllum einhleypum konum 25 þúsund krónur á mánuði í fjármunatekjur, einhleypum körlum 40 þúsund krónur á mánuði og fólki í sambúð 50 þúsund krónur á mánuði. Þessar tölur miðast við tölur Ríkisskattstjóra árið 2010. Þær tölur benda ekki til þess að fjármunatekjur séu mjög mismunandi að meðaltali eftir aldri ellilífeyrisþega, en auðvitað skiptast þær mjög mismunandi eftir einstaklingum.

Eins og að framan greinir voru mjög viðamiklar athuganir gerðar til þess að setja inn í líkanið spátölur sem byggjast á sem bestum forsendum um tekjur, mannfjölda, réttindi úr lífeyrissjóðum, hjúskaparstöðu og fleira. Þó verður að leggja mikla áherslu á að í líkönunum af þessu tagi er alltaf mikil óvissa sem eykst eftir því sem fram í sækir. Þess vegna ber að leggja áherslu á að ekki má leggja of mikið upp úr nákvæmum prósentuspám heldur nýtist líkanið fyrst og fremst til þess að bera saman mismunandi kerfi. Líklegt er að þegar líkanið sýnir að eitt kerfi sé um 10% dýrara en annað þá sé um talsverða óvissu að ræða, sveiflan gæti verið á bilinu 6 til 15%. Hins vegar ættu ferlarnir að gefa góða hugmynd um það hvernig útgjaldaaukinn dreifist á næstu áratugi, hvenær byrðin verður mest og hvenær hún minnkar aftur.

## Útreikningar


Í skýrslu nefndarinnar er sýnt með dæmum hver áhrif tillagnanna eru á einstaka hópa. Þeir útreikningar eru ekki endurteknir hér. Stíllt var upp útreikningum miðað við árin 2012 og fram til ársins 2048. Skoðuð voru eftirtalin kerfi:

- Núverandi ellilífeyrisherfi TR
- Tillögur starfshópsins fyrir árið 2013
- Tillögur starfshópsins fyrir árið 2014
- Tillögur starfshópsins fyrir árið 2015
- Tillögur starfshópsins fyrir árið 2016
- Tillögur starfshópsins fyrir árið 2017
- Þegar áformaðar breytingar á núverandi kerfi



Á mynd 5 má sjá hvernig lagið er á þróun útgjalda miðað við ýmsar leiðir. Þar sést að gagnstætt því sem í upphafi var ætlað vegur áætlaður tekjuauki ellilífeyrisþega vegna aukins lífeyris ekki upp á móti fjölgun lífeyrisþega næstu árin. Samkvæmt myndinni næst jafnvægi í flestum kerfum milli 2030 og 2040 en eftir það fara útgjöld minnkandi. Það er kerfið sem gilda skal samkvæmt tillögum starfshópsins frá og með 2017 undantekning, en það er nær jafnvægi og lækkar svo lítið á tímabilinu. Á myndinni er aðeins verið að bera saman lagið á mismunandi ferlum en ekki kostnað við kerfin.

**Mynd 5: Þróun mismunandi tillagna um fyrirkomulag lífeyris**




Öll kerfin hafa innbyggða útgjaldaaukningu en útgjöld minnka svo aftur nema í lokakerfinu.  
 Heimild: Útreikningar Talnakönnunar

Myndin hér á undan sýnir lagið á ferlunum en ekki raunverulegan útgjaldaauka í prósentum því að öll kerfin eru stillt á 100% í upphafi. Til þess að sjá kostnaðinn í prósentum er nauðsynlegt að stilla þeim upp hlið við hlið.

Á mynd 6 sést kostnaðaraukinn af mismunandi kerfum. Bláu súlurnar sýna upphafsþreyingu, þ.e. þreyingu árið 2013 og rauðu súlurnar þreyinguna eins og hún verður mest. Undantekning er þú súlan sem sýnir þegar áformaðan útgjaldaauka til málaflokksins. Þar er hækkunin tæplega 2% á fyrsta ári en verður árið 2015 liðlega 10% þegar áformin eru að fullu fram komin.

Þess ber að geta að kerfin sem merkt eru 2013 til 2016 eiga í raun bara að gilda eitt ár hvert skv. tillögum hópsins þó að í þessum útreikningum sé sýnd hámarkshækkun til ársins 2049.


**Mynd 6: Samanburður á áætluðum hækkunum skv. mismunandi tillögum 2013-49**



Bláu súlurnar sýna upphafshækkun en þær rauðu hækkunina eins og hún verður mest á tímabilinu. Heimild: Útreikningar Talnakönnunar.

Næsta mynd sýnir hækkunina á hverju ári til 2049 af hinum ýmsu tillögum


**Mynd 7: Áætlaður kostnaðarauki skv. mismunandi tillögum 2013-2049**



Heimild: Útreikningar Talnakönnunar

Mynd 7 sýnir hvernig hækkunin þróast miðað við hinar ýmsu hugmyndir um greiðslu lífeyris. Á henni sést að tillagan sem gilda á frá árinu 2017 er langdýrust. Mismun á verði hennar og núverandi kerfis má finna með frádrætti. Þannig er munurinn árið 2035 um það bil 182%-122% eða 60%. Núverandi kostnaður er um 36 milljarðar króna vegna ellilífeyris og mismunurinn milli kerfa því um 22 milljarðar króna. Ef hins vegar er tekinn munur á þegar áformuðum breytingum og kerfinu eftir árið 2017 er munurinn 30% eða um 11 milljarðar króna.

**Mynd 8: Samanburður á tillögum starfshóps og þegar áformuðum breytingum**



*Rauði ferillinn er tillaga starfshóps, blái ferillinn þegar áformaðar breytingar. Heimild: Útreikningar Talnakönnunar*

Á mynd 8 sést samanburður á tillögum starfshópsins og þegar áformuðum útgjaldaauka til lífeyrismála. Myndin er einfaldari en mynd 7 þar sem aðeins eru bornir saman tveir ferlar.


## Skattamál og fleira

Í því sem að framan er rakið er talað um auknar greiðslur frá TR vegna tilagna starfshópsins. Þar er þó ekki um að ræða útgjaldaauka ríkissjóðs. Þar sem stærstur hluti „nýrra“ bóta fer í skattþrep með 23 til 26% skatti til ríkisins má reikna með því að af bótaaukningunni fari um 24 til 25% til ríkisins aftur í formi skatta. Útgjaldaauki ríkisins er því um 75-76% af nýjum kerfum. Rétt er að árétta að hluti staðgreiðslu fer í útsvar til sveitarfélaga.

Einnig hefur verið á það bent að vegna fjölgunar ellilífeyrisþega og þó fyrst og fremst aukinna lífeyrissjóðstekna þeirra munu þeir í framtíðinni greiða mun hærri skatta en þeir gera nú. Ekki gafst tími til þess að reikna skattstofn þeirra og auknar tekjur ríkisins af ellilífeyrisþegum sem hópi sem vissulega hefði verið áhugavert.

Nokkrar myndir gefa þó til kynna stærðir sem máli skipta við mat á tillögunum. Skoðum fyrst hlutfall 67 ára og eldri af aldurshópnum 21 til 66 ára. Þar er verið að skoða hvernig hlutfall ellilífeyrisþega eykst á árunum fram undir miðja 21. öldina. Myndin sýnir að á tímabilinu mun hlutfallið um það bil tvöfaldast, úr 18% í tæplega 40%.


**Mynd 9: Hlutfall ellilífeyrisþega af vinnandi 2012-2049**



*Miðað er við að ellilífeyrisþegar séu 67 ára og eldri en vinnandi 21 til 66 ára. Heimild: Mannfjöldaspá Hagstofu Íslands*

Ef miðað er við að verg landsframleiðsla aukist að jafnaði um 2% á ári til ársins 2050 má bera kostnaðaraukninguna af nýju tillögunum saman við stækkun þjófðarbúsins. Á mynd 10 sést þessi samanburður.


**Mynd 10: Aukning VLF borin saman við kostnaðaraukn. af tillögum starfshópsins**



*Reiknað er með 2% aukningu á ári. Heimild: Útreikningar Talnakönnunar*

Mynd 10 gefur til kynna að aukningin sé mun meiri á kostnaði vegna ellilífeyris framan af tímabilinu en verði minni eftir 2040 m.v. þessar forsendur. Ef bætt er við myndina árlegri fjölgun í hópi vinnandi skv. spá Hagstofunnar má reikna hagvöxtinn m.v. árlega 1,4% framleiðniaukningu á mann, en fulltrúar vinnumarkaðarins í nefndinni bentu á að stundum er miðað við þá tölu.

**Mynd 11: Kostnaðaraukning skv. tillögu, þróun VLF og fjölgun vinnandi Íslendinga**



VLF/vinnandi mann vex hér 1,4% á ári. Heimild: Hagstofa Íslands og útreikningar Talnakönnunar.

Þessi mynd kann að vekja vonir um að raunverulega náist um 2% aukning VLF um langa framtíð.

## Niðurstöður

Útreikningarnir hér að framan gefa til kynna að kostnaðarauki Tryggingastofnunar vegna tillagna starfshópsins verði talsvert mikill og fari vaxandi á næstu 20 árum. Rétt er að leggja áherslu á það að mörg óvissuatriði eru í útreikningunum. Upplýsingarnar byggja á stærðfræðilegum líkönum sem eðli málsins samkvæmt innihalda mikla óvissu. Til þess að komast nær líklegri niðurstöðu þyrfti að hafa nákvæmari upplýsingar um tekjudreifingu eftir aldri sem og raunverulega dreifingu lífeyrisréttinda. Mannfjöldaspáin er líklega einna minnsti óvissuvaldur.

Aftur er rétt að undirstrika að allnokkru kann að skeika þegar litið er til lengri tíma. Hins vegar er nánast öruggt að myndirnar gefa til kynna allgóðan samanburð á tillögnum sem fyrir liggja.

Meðfylgjandi tafla sýnir hvernig útgjöldin aukast á næstu fimm árum miðað við líkanið. Þar kemur fram heldur meiri útgjaldaaukning Tryggingastofnunar en í gögnum starfshópsins. Skýringin er sú að í þessari töflu koma fram áhrif fjölgunar ellilífeyrisþega á næstu árum, en tölur nefndarinnar miðuðu við stöðuna árið 2012.


**Tafla 1: Hækkun útgjalda TR til ellilífeyris næstu ár**

Ár	Hækkun	%
2013	2,5	7%
2014	3,8	10%
2015	5,8	16%
2016	9,5	26%
2017	13,2	37%
2018	14,3	40%

*Tölur í milljörðum króna. Heimild: Útreikningar Talnakönnunar.*

Þessi tafla bendir til þess að einkum verði erfitt að fjármagna þessa tillögu til skemmri tíma. Ef horft er á mynd sem sýnir hvernig ellilífeyrir breytist sem hlutfall af VLF til lengri tíma litið sést þetta líka.

**Mynd 12: Hlutfall ellilífeyris TR af VLF 2012-2049**



*Hlutfallið núna er 2,2% en vex hratt upp í 2,7% en lækkar svo aftur upp úr 2030. Heimild: Útreikningar Talnakönnunar.*

Mynd 12 sýnir að tillögur hópsins gera ráð fyrir mikilli aukningu útgjalda til ellilífeyris TR á nokkrum árum sem hlutfall af VLF, sem svo haldist í jafnvægi, en eftir 2030 fer hlutfallið lækkandi á ný.



